

Nafn: Eggert Ólafur Árnason

Land: Japan

Ár: 2018

Námsár: 4. ár

Sumarskipti í Japan

Sumarið 2018 fór ég í skiptinám á vegum Alþjóðanefndar læknanema til Japan. Þessar fjórar vikur voru frábærar en krefjandi.

Ég mætti nokkrum dögum áður en námsprógrammið byrjaði og eyddi þeim í Tokyo. Mig hafði alltaf langað til að koma til þessarar mögnuðu borgar og loks varð draumurinn að veruleika.

Skiptinámið mitt fór fram á Dokkyo Medical University í bænum Mibu. Mibu er lítill bær í Tochigi héraðinu, norðan við Tokyo. Ég eyddi þessum mánuði á kviðarholsskurðeild í lifur, gall og bristeyminu. Í teyminu voru nokkrir skurðlæknar, tveir deildarlæknar, tveir japanskir læknanemar og svo ég. Ég tók virkan þátt í daglegu starfi sem fólst helst í stofugangi, tilfellafundum (sem voru allir á japönsku eða mjög bjagaðri ensku) og aðgerðum. Ég fékk iðulega að skrúbba mig inn í langar og flóknar aðgerðir. Dagarnir á spítalanum voru yfirleitt langir, byrjuðu á slaginu 07:00 og stundum ekki búnir fyrr en 19:00.

Í dvöl minni með þessu teymi lenti ég svo tvisvar á “prófessors stofugangi” þar sem prófessorinn gekk með okkur læknanemunum og grillaði úr okkur líftórna. Verandi utanaðkomandi slapp ég nokkuð vel og brosti prófessorinn stóru brosi þegar ég svaraði vitlaust, en gaf mér svo aldrei rétt svar við spurningunni.

Aðalleiðbeinandinn minn var mjög hress og var einn af fáum sem talaði ágætis ensku. Á hverjum þriðjudagsmorgni eftir morgunfund og stofugang smalaði hann læknanemunum í teyminu saman og kallaði hátt: “HOT DOG TIME!”, svo rölti hann með okkur niður í matsal og keypti pulsir og kaffi fyrir okkur.

Mér var útvegað herbergi á stúdentagörðum rétt hjá spítalanum. Það tók ekki nema tæpar fimm mínútur að röltu á spítalann. Þrátt fyrir að herbergið væri lítið var þar allt sem ég þurfti, rúm, skrifborð, baðherbergi og lítill eldhúskrókur.

Spítalinn er einn af stærri spítölunum í Japan og er einkarekinn. Spítalinn er samtengdur við háskólann og því mikið líf í kringum “campusinn”. Ég var þarna í júní og flestir læknanemarnir þá á kafi í prófum og höfðu ekki mikinn tíma fyrir félagslíf. Nemarnir í deildinni sem ég var á reyndu þó að nýta mest af frítíma sínum í að fara með mér út að borða eða draga mig með sér í ýmsar tómstundir. Verandi gamall karate-iðkandi fannst

mér kjörið að skella mér á karate æfingar hjá skólaliðinu þeirra og var það alveg æðisleg upplifun.

Þrátt fyrir að læknanemarnir höfðu lítinn tíma fyrir félagslíf þennan mánuð hafði ég nóg að gera. Deildarlæknarnir og sérfræðingarnir voru duglegir að eyða tíma með mér utan spítalalífsins. Þau fóru með mér í ferðir um helgar og sú minnistæðasta var til Nikko að skoða Tōshō-gū musteri. Einnig var auðvelt fyrir mig að taka lest í næstu stórborg þar sem ég gat skoðað mig um sjálfur.

Ég kynnstist helling af fólki, fékk innsýn í hvernig heilbrigðiskerfið er í Japan, upplifði nýjan menningarheim og skemmti mér konunglega. Ég myndi hiklaust fara aftur í skipti ef þess gæfist kostur og mæli algjörlega með að allir læknanemar nýti sér þetta tækifæri sem Alþjóðanefnd býður upp á.